

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Ólafi Ísleifssyni um afborganir og vaxtagreiðslur ríkissjóðs.

1. Hver var samanlagður höfuðstóll verðtryggðra lána ríkissjóðs við lok hvers árs á tímabilinu 2012–17?

31.12.2012	31.12.2013	31.12.2014	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2017
396.184.570.747	421.374.833.258	401.679.285.220	323.819.931.292	276.373.443.237	248.150.115.971

2. Hverjar voru fjárhæðir greiðslna vaxta og afborgana á verðtryggðum lánunum ríkissjóðs á sama tímabili?

	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Afborganir	14.041.577.738	10.071.996.842	31.871.518.337	84.720.742.278	65.507.327.063	32.476.703.772
Vextir	11.307.738.903	11.891.398.783	17.425.944.658	15.238.637.655	11.575.103.565	8.636.609.140

3. Hver hefði samanlagður höfuðstóll lánanna verið við lok hvers árs 2013–17 ef húsnæðisliður vísitölunnar hefði legið utan hennar?

Útreikningur á því hver höfuðstóll lána ríkissjóðs hefði verið við ímyndaðar aðstæður þjónar takmörkuðum tilgangi. Ekkert er vitað um það hver þróun hagkerfisins hefði orðið ef verðtrygging hefði ekki tekið tillit til þáttar húsnæðiskostnaðar í neyslu heimilanna og því er hér um hreina reikningsæfingu að ræða. Miðað við útgefna vísitölu neysluverðs, án húsnæðiskostnaðar hefði höfuðstóll lána ríkissjóðs verið eftirfarandi:

m.kr.	31.12.2013	31.12.2014	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2017
Höfuðstóll	417.770	393.540	312.181	259.416	225.101

4. Hverjar hefðu verið fjárhæðir greiðslna vaxta og afborgana á lánunum á árunum 2013–17 ef húsnæðisliðurinn hefði ekki verið hluti af vísitölunni?

Hægt er að reikna afborganir í sama ímyndaða dæmi og greint er frá í svari við 3. tölul. en líklegt þykir að ef verðtrygging væri takmörkuð þannig að húsnæðiskostnaður heimilanna væri ekki tekinn með yrðu afleiðingarnar þær að nafnvextir lána yrðu hærri en ef um fulla verðtryggingu væri að ræða. Hér fylgir engu að síður útreikningur sem miðast við það að verðtrygging án húsnæðiskostnaðar hefði ekki áhrif á nafnvexti.

m.kr.	2013	2014	2015	2016	2017
Afborgun	9.986	31.226	81.676	61.488	29.460
Vextir	11.790	17.073	14.691	10.865	7.834